

# Umræðuskjal

nr. 1/2018

Drög að reglum um framkvæmd hæfismats forstjóra, stjórnarmanna og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum váttryggingafélaga

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 14. febrúar nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna reglugragna þessara.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

24. janúar 2018

# REGLUR

## um framkvæmd hæfismats forstjóra, stjórnarmanna og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum váttryggingafélaga.

### I. KAFLI

#### Almennt.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um forstjóra, stjórnarmenn váttryggingafélaga, sem og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum váttryggingafélaga.

Með forstjóra er átt við einstakling sem stjórn váttryggingafélags ræður til þess að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög eða laga um váttryggingastarfsemi, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti.

Með stjórnarmönnum er átt við aðalmenn og varamenn í stjórn.

Með lykilstarfssviðum er átt við þau starfssvið sem teljast lykilstarfssvið samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, sbr. 34. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, þ.e. starfssvið áhættustýringar, regluvörslu, innri endurskoðunar og tryggingastærðfræðings.

##### 2. gr.

##### *Hæfi og hæfni.*

Forstjóri, stjórnarmenn og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum skulu uppfylla þær hæfiskröfur sem gerðar eru til þeirra í lögum um váttryggingastarfsemi.

Váttryggingafélag skal hafa skjalfesta stefnu og verklag til að tryggja að forstjóri, stjórnarmenn og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum séu á hverjum tíma hæfir og hafi hæfni til að sinna starfi sínu á tilhlýðilegan hátt.

##### 3. gr.

##### *Tilkynning um nýja forstjóra, stjórnarmenn eða starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum.*

Váttryggingafélag skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrirfram, eða svo fljótt sem verða má, um breytingar á skipan stjórnarmanna váttryggingafélags, ráðningu forstjóra og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum þess.

Váttryggingafélag skal meta hæfi og hæfni starfsmanns sem ber ábyrgð á lykilstarfssviði og skila tilkynningu um ráðningu slíks starfsmanns í formi eyðublaðs Fjármálaeftirlitsins.

Skila skal til Fjármálaeftirlitsins upplýsingagjöf forstjóra og stjórnarmanna samkvæmt spurningalista Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en fjórum vikum eftir skipan stjórnarmanna eða ráðningu nýs forstjóra.

Auk framangreinds skulu forstjóri og stjórnarmenn skila upplýsingum um fjárhagsstöðu m.a. um heildareignir, skuldir yfir tveimur milljónum króna, tekjur, gjöld, ábyrgðir, veðsetningu eigna til þriðja aðila, vanskil og annað sem forstjóri eða stjórnarmaður telur að skipt geti máli við mat á fjárhagslegu heilbrigði samkvæmt eyðublaði Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir frekari gögnum en að framan greinir ef það þykir nauðsynlegt vegna mats á hæfi og hæfni aðila.

Ef upplýsingar samkvæmt framangreindu eru ófullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins getur það leitt til þess að ekki verði unnt að leggja mat á hæfi og hæfni aðila og fer um það samkvæmt 16. gr. reglna þessara.

## II. KAFLI Hæfisskilyrði.

4. gr.

*Upplýsingar í tengslum við mat á hæfi og hæfni.*

Mat á hæfi og hæfni felst annars vegar í yfirferð á skriflegum gögnum og hins vegar munnlegu hæfismati þegar það á við, sbr. IV. og V. kafla reglna þessara.

Yfirferð á skriflegum gögnum, sbr. I. kafla reglna þessara, felst í athugun á því hvort aðili uppfylli, eftir því sem við á, m.a. skilyrði 40. og 41. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, um eftirfarandi:

- a. Búsetu.
- b. Lögræði.
- c. Gott orðspor.
- d. Að hafa ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaður gjaldþrota.
- e. Að hafa ekki á síðustu 10 árum hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur.
- f. Fjárhagslegt heilbrigði.
- g. Reynslu og þekkingu sem nýtist í starfi m.a. þekkingu á þeirri starfsemi sem váttryggingafélagið stundar.
- j. Að ekki séu til staðar þær aðstæður sem kveðið er á um í 1. mgr. 42. gr., sbr. þó 2. mgr. 42. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016.

5. gr.

*Dómur í tengslum við atvinnurekstur.*

Forstjóri og stjórnarmenn mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um gjaldeyrismál og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Með dómi í tengslum við atvinnurekstur er átt við að aðili hafi sem starfsmaður, stjórnarmaður, eigandi, verktaki eða vegna annarra tengsla við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt þeim lögum sem tilgreind eru í 1. mgr.

6. gr.

*Menntun, þekking og reynsla.*

Forstjóri, stjórnarmenn og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum skulu hafa nægilega menntun, þekkingu og reynslu til að geta sinnt starfinu á tilhlýðilegan hátt. Þeir skulu jafnframt hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem viðkomandi váttryggingafélag stundar og þeim áhættuþáttum sem það stendur frammi fyrir.

Við mat á nægilegri þekkingu og reynslu er höfð hliðsjón af umfangi og eðli starfsemi þess váttryggingafélags sem um ræðir sem og starfsskyldum viðkomandi aðila.

Við mat á hæfi stjórnarmanna skal líta til þess hvort stjórnarmenn hafi reynslu sem tryggir fjölbreytni í menntun, þekkingu og reynslu stjórnar í heild til að tryggja að félaginu sé stjórnað á faglegan hátt.

7. gr.

*Gott orðspor.*

Forstjóri, stjórnarmenn og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum skulu hafa gott orðspor.

Við mat á góðu orðspori er litið til þess hvort aðili hafi sýnt af sér háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að líkur séu til að þeir muni misnota aðstöðu sína eða skaða félagið. Mat á hæfni skal byggt á mati á heiðarleika og fjárhagslegu heilbrigði sem byggist á upplýsingum um hegðun, heilindi, háttsemi og viðskiptasiðferði, þ.m.t. upplýsingar um afbrot, fjárhagsleg og önnur atriði sem skipta máli fyrir matið.

Við matið er einnig litið til háttsemi aðila sem kynni að rýra trúverðugleika hans og skaða orðspor váttryggingafélags ef opinber væri. Í því sambandi koma m.a. til skoðunar fyrri afskipti Fjármálaeftirlitsins

vegna starfa aðila eða vegna starfshátta eftirlitsskylds aðila sem hann var í forsvari fyrir eða bar ábyrgð á og hvort fyrri háttsemi hafi gefið tilefni til ávirðinga á hendur aðila.

8. gr.

*Mat á hagsmunaárekstrum.*

Stjórnarmenn í váttryggingafélagi mega hvorki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða félags í nánnum tengslum við það né vera starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars eftirlitsskylds aðila eða tengdra félaga.

Náin tengsl teljast vera til staðar þegar einstaklingur og/eða félag tengjast með eftirfarandi hætti:

- a. Með hlutdeild í formi beins eignarréttar eða yferráðum sem nemur 20% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðavægi félags,
- b. Með yferráðum eða með varanlegum tengslum þeirra við sama þriðja aðila í gegnum yferráðatengsl.

Stjórnarmenn váttryggingafélags mega einungis sinna lögmannstörfum fyrir annað váttryggingafélag sem ekki geta valdið hættu á hagsmunaárekstrum á milli félaganna tveggja eða á váttryggingamarkaði.

Starfsmönnum váttryggingafélags er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi váttryggingafélags.

Stjórnarmaður eða starfsmaður váttryggingafélags getur tekið sæti í stjórn annars váttryggingafélags eða fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu váttryggingafélagsins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yferráð í váttryggingafélaginu. Stjórnarseta skal háð því að hún skapi ekki hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði að mati Fjármálaeftirlitsins.

Við mat á hagsmunaárekstrum er m.a. litið til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármálamarkaði, svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur váttryggingafélagsins. Meiri hluti stjórnarmanna skal þó ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu.

### III. KAFLI

#### **Mat á fjárhagslegu heilbrigði.**

9. gr.

*Fjárhagslegt heilbrigði.*

Forstjóri og stjórnarmenn váttryggingafélags skulu vera fjárhagslega heilbrigðir. Við mat Fjármálaeftirlitsins á fjárhagslegu heilbrigði er litið til eftirfarandi atriða:

- a. Að eiginfjárstaða sé jákvæð.
- b. Að tekjur standi undir afborgunum af skuldum og framfærslu.
- c. Að aðili sé ekki á vanskilaskrá.
- d. Að skuldir, ábyrgðir gagnvart þriðja aðila og veðsetning eignar séu ekki þess eðlis að efast megi um óhæði gagnvart lánveitanda/kröfuhafa og það sé líklegt til að hafa áhrif á störf hans í viðkomandi váttryggingafélagi. Við mat á því hvort aðili teljist háður öðrum er horft til þess hvort skuldbindingin, með hliðsjón af árstekjum, teljist veruleg. Undanskildar skuldbindingar samkvæmt þessum lið eru hefðbundin lán sem standa almenningi til boða t.d. íbúðalán, bílalán og námslán.
- e. Annarra atriða en að framan greinir er varða fjárhagsstöðu eða fjárhagsskuldbindingar og máli geta skipt að mati Fjármálaeftirlitsins.

10. gr.

*Mat á fjárhagslegu heilbrigði.*

Aðili telst fjárhagslega heilbrigður ef hann uppfyllir skilyrði allra stafliða 9. gr. reglna þessara.

Ef aðili uppfyllir ekki skilyrði a. eða b. liðar 9. gr. er litið til eiginfjárstöðu og tekju- og greiðsluflæðis til framtíðar með tilliti til þess hvort aðili geti staðið við skuldbindingar sínar.

Við mat á d. lið 9. gr. er litið til þess hvort líkur séu til þess að aðili yrði ítrekað vanhæfur til að taka þátt í afgreiðslu mála að teknu tilliti til ákvæða laga, reglna og annarra viðmiða þar að lútandi, sbr. 72. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og 40. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, eftir því sem við á.

Með öðrum atriðum skv. e. lið 9. gr. er átt við atriði sem hafa veruleg áhrif á fjárhagslegt heilbrigði aðila, þ. á m. atriða sem leiða til ítrekaðs vanhæfis aðila, sbr. 3. mgr.

#### IV. KAFLI

##### **Munnlegt hæfismat forstjóra.**

11. gr.

###### *Munnlegt hæfismat forstjóra.*

Forstjóri skal undirgangast hæfismat innan sex vikna frá því að Fjármálaeftirlitið hefur lokið yfirferð skriflegra gagna samkvæmt II. og III. kafla reglna þessara.

Munnlegu hæfismati er ætlað að kanna hvort forstjóri búi yfir nægilegri þekkingu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Í munnlegu hæfismati er m.a. könnuð þekking aðila á þeirri starfsemi sem viðkomandi váttryggingafélag stundar, þekking á lögum og reglum á váttryggingamarkaði, reikningsskilum, endurskoðun og almennum viðskiptum og stjórnun.

Við framkvæmd hæfismats forstjóra getur Fjármálaeftirlitið notið aðstoðar utanaðkomandi aðila, s.s. við mat á þekkingu aðila.

12. gr.

###### *Niðurstaða munnlegs hæfismats forstjóra.*

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort forstjóri hafi í munnlegu hæfismati sýnt fram á nægilega þekkingu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt.

Fjármálaeftirlitið tilkynnir forstjóra og stjórn viðkomandi váttryggingafélags skriflega um niðurstöðu hæfismats innan tveggja vikna frá framkvæmd þess.

13. gr.

###### *Endurtekning munnlegs hæfismats forstjóra.*

Hafi forstjóri að mati Fjármálaeftirlitsins ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu á því efni sem var til umræðu í hæfismati er honum gefinn kostur á að endurtaka munnlega hæfismatið innan fjögurra vikna frá því að niðurstaðan liggur fyrir.

Hæfismat verður einungis endurtekið einu sinni, nema sérstök rök leiði til annars.

14. gr.

###### *Undanþágur frá munnlegu hæfismati forstjóra.*

Hafi forstjóri á síðastliðnum 12 mánuðum sinnt starfi forstjóra váttryggingafélags og staðist hæfiskröfur Fjármálaeftirlitsins vegna þess starfs getur hann óskað eftir undanþágu frá munnlegu hæfismati.

Beiðni um undanþágu skal send Fjármálaeftirlitinu með skriflegum hætti og studd viðeigandi gögnum.

Fjármálaeftirlitið getur óskað viðbótarupplýsinga ef þörf krefur.

#### V. KAFLI

##### **Munnlegt hæfismat stjórnarmanna.**

15. gr.

###### *Munnlegt hæfismat stjórnarmanna.*

Fjármálaeftirlitið metur hvort stjórnarmenn skulu gangast undir munnlegt hæfismat.

Við mat á því hvort stjórnarmenn skulu gangast undir munnlegt hæfismat er m.a. horft til tegundar, stærðar og umfangs reksturs váttryggingafélags og þess hvort vafi sé á að viðkomandi uppfylli skilyrði laga um váttryggingastarfsemi um nægilega þekkingu og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Við framkvæmd hæfismats stjórnarmanna getur Fjármálaeftirlitið notið aðstoðar utanaðkomandi aðila, s.s. við mat á þekkingu aðila.

Ákvæði IV. kafla reglna þessara gilda eftir því sem við á um munnlegt hæfismat stjórnarmanna.

## VI. KAFLI

### Niðurstaða mats og viðvarandi mat.

16. gr.

*Niðurstaða mats á hæfi og hæfni.*

Gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemd við hæfi og hæfni aðila með vísan til hæfisskilyrða laga um váttryggingastarfsemi og reglna þessara, skal það tilkynnt aðila og stjórn viðkomandi váttryggingafélags skriflega.

Telji Fjármálaeftirlitið að aðili uppfylli ekki hæfisskilyrði laga um váttryggingastarfsemi og ákvæði reglna þessara eða ef ekki er unnt að leggja mat á hæfi og hæfni aðila samkvæmt 3. mgr. 3. gr., tilkynnir það aðila og stjórn viðkomandi váttryggingafélags skriflega um niðurstöðu sína ásamt rökstuðningi.

Aðila sem uppfyllir ekki hæfisskilyrði laga um váttryggingastarfsemi og reglna þessara er óheimilt að gegna starfi forstjóra eða starfsmanns sem ber ábyrgð á lykilstarfssviði eða taka sæti í stjórn váttryggingafélags.

Hafi aðili hafið störf sem uppfyllir ekki hæfisskilyrði laga um váttryggingastarfsemi og reglna þessara fer um heimildir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 10. gr. laga um opinber eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

17. gr.

*Viðvarandi mat á hæfi og hæfni.*

Forstjóri, stjórnarmenn og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði laga um váttryggingastarfsemi og ákvæði reglna þessara. Í því skyni ber þeim að viðhalda þekkingu sinni og afla sér nýrrar þekkingar eftir því sem tilefni er til.

Verði breytingar á áður veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á hæfi og hæfni aðila ber honum að tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins án tafar en eigi síðar en innan tveggja vikna frá breytingunum.

Fjármálaeftirlitið getur á hverjum tíma tekið hæfi og hæfni forstjóra, stjórnarmanna og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum til sérstakrar skoðunar.

18. gr.

*Mat á hæfi og hæfni í tengslum við umsókn um starfsleyfi.*

Ef mat á hæfi og hæfni forstjóra og stjórnarmanna tengist umsókn um starfsleyfi váttryggingafélags, og viðkomandi aðili uppfyllir ekki hæfisskilyrði laga um váttryggingastarfsemi, verður starfsleyfi ekki veitt félaginu.

Fjármálaeftirlitið getur í tengslum við umsókn um aukið starfsleyfi ákveðið að taka hæfi og hæfni forstjóra og stjórnarmanna til endurskoðunar. Uppfylli viðkomandi aðili ekki hæfisskilyrði laga um váttryggingastarfsemi verður aukið starfsleyfi ekki veitt félaginu.

## VII. KAFLI

### Gildistaka.

19. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í 5. mgr. 41 gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 886/2012, um framkvæmd hæfismats forstjóra og stjórnarmanna váttryggingafélaga.